

Ytra mat grunnskóla

Djúpavogsskóli

september 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Djúpavogshrepp.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Svanhildur M. Ólafsdóttir

© Menntamálastofnun, 2020.

ISBN 978-9979-0-2471-2

Innihald

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Djúpavogsskóla	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	14
2.1 Inntak og námskrá	14
2.2 Árangur náms	14
2.3 Gæði kennslu	16
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund	19
2.6 Ábyrgð og þátttaka	20
Þáttur 3 – Innra mat	21
3.1 Skipulag.....	21
3.2 Framkvæmd.....	21
3.3 Umbætur	21

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Djúpavogsskóla sem fór fram í september 2020. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Styrkleikar í stjórnun og faglegri forystu

- Skólanámskrá og starfsáætlun skólans eru opinberar og uppfylla viðmið aðalnámskrár.
- Stefna skólans og sveitarfélagsins eru sýnileg í skólastarfinu.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.
- Litið á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Starfsmannahandbók er vel útfærð.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru jákvæð og markviss.
- Fréttabréf og vikupóstar eru á íslensku, ensku og pólsku.
- Starfsþróunarsamtöl eru árleg og starfsmenn fá svigrúm til starfsþróunar.
- Þróunarvinna, umbætur og innleiðing breytinga er mikilvægur þáttur í starfi skólans.
- Kannanir og skimanir eru nýttar markvisst til að efla nám og líðan nemenda og til þróunar skólastarfsins.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.

Tækifæri til umbóta í stjórnun og faglegri forystu

- Auka hlutfall réttindakennara í kennslu.
- Ljúka við að uppfæra nýja heimasíðu skólans með öllum nauðsynlegum upplýsingum.
- Skrá verklag um á hvern hátt gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt í námi og kennslu.
- Kennarar geri skólastjórnanda grein fyrir með reglubundnum hætti á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Leita leiða til að gera foreldra að þátttakendum í mikilvægum ákvarðanatökum um þróun og skipulag skólastarfsins.
- Huga að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans samkvæmt reglugerð þar um.
- Skrá fundargerðir þróunarteyma og gera þær sýnilegar og opinberar.
- Skrá verklag vegna mála er varða samskiptavanda milli starfsmanna og upplýsa formlega um leiðir til úrlausnar.
- Birta á heimasíðu upplýsingar um nemendafélagið, stjórn og starfsáætlun.
- Móta verklag fyrir nemendur sem sitja í nefndum og ráðum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.

Styrkleikar í námi og kennslu

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð.
- Samfelldar greinanámskrár sem ná frá 1.-10. bekkjar eru í vinnslu.
- Í greinanámskrám er getið er um sérstök áhersluatriði skólans.
- Stuðningur fer að jafnaði fram innan námshóps.
- Skólinn viðheldur og stuðlar að vellíðan nemenda.
- Einelti er undir meðaltali Skólapúlsins og fer minnkandi að sögn nemenda.
- Góður árangur hefur verið hjá 7. bekk undanfarið á samræmdum könnunarprófum.
- Verið er að þróa teymisvinnu við skólann.
- Nemendur eru virkir í tímum.
- Bókasafn er opið daglega og hafa nemendur greiðan aðgang að því.
- Markvisst er leitað upplýsinga um líðan nemenda.
- Við skólann eru menntaðir pólskumælandi kennarar sem koma að námi og samskiptum við nemendur með pólsku sem móðurmál.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Sjá til þess að val nemenda á elsta stigi uppfylli viðmið gildandi aðalnámskrár þegar heildartími hvers skólaárs er tekinn saman.
- Tengja vinnu með grunnþætti og lykilhæfni menntunar betur inn í greinanámskrár og kennsluáætlanir.
- Efla þarf virkni nemenda í námi og trú þeirra á eigin getu til náms.
- Nýta heildarniðurstöður sem skólinn fær á samræmdum könnunarprófum markvisst til að efla árangur.
- Greina slakan árangur í stærðfræði á unglingsstigi og bregðast við.
- Tengja betur markmið sem stefnt er að við nám og kennslu sem fram hverju sinni.
- Efla enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum með áherslu á virkni og þátttöku nemenda.
- Huga að því að setja teymum ekki of viðmikil hlutverk meðan verið er að innleiða vinnubrögðin.
- Greina heildrænt kosti og galla þess að vera með mörg tímabelti í skólanum.
- Efla þarf lesfimi nemenda hjá flestum árgöngum.
- Auka markvist samvinnu og samstarf nemenda í námi.
- Huga að leiðum til að auðvelda nýtingu og aðgengi kennara að tækjakosti.
- Kynna nemendum betur markmið náms og tengsl hæfniviðmiða og matsviðmiða við námsmat.

Styrkleikar í innra mati

- Innra mat er álitid mikilvægt.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Fyrir liggur langtímaáætlun um innra mat og umbætur.
- Ítarleg umfjöllun um niðurstöður kannana Skólapúlsins er að finna í sjálfsmatsskýrslu.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Vinna að því að formgera innra mat skólans á markvissan hátt þar sem nýttar eru fjölbreyttar gagnaöflunarleiðir bæði eigindlegar sem megindegar.
- Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir þar sem bak við hvern lit eru margar vísbendingar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Djúpavogsskóla

Talið er að almenn barnakennsla hafi hafist á Djúpavogi haustið 1888 en það var ekki fyrr en um áramótin 1914-1915 sem kennsla hófst í Gamla skólanum. Nú er kennt í skólahúsnaði sem upphafleg er frá 1954 en hefur verið byggt við tvisvar.

Við skólann er veglegt íþróttahús og innisundlaug þar sem skólaíþróttir eru kenndar.

Einkunnarorð / gildi skólans eru Hugrekki – Virðing – Samvinna.

Í skólanum eru 90 nemendur á haustönn 2020. Nemendur koma úr þéttbýlinu Djúpavogi og sveitunum þar í kring.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	6	11	6	9	8	12	15	3	12	8
Samkennsluhópar	17		15		20		15	23		
Teymiskennsla	Próun í teymiskennslu á yngsta stigi				Próun í teymiskennslu á miðstigi			Próun í teymiskennslu á unglíngastigi		

Við skólann eru 13 nemendur sem eru með íslensku sem annað tungumál og fá allir þessir nemendur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. 21 nemandi fær sérkennslu eða er með aðlagð námsefni og þrír nemendur eru með einstaklingsnámskrá. Enginn nemandi stundar nú nám á öðru skólastigi, en einn nemandi útskrifaðist í fyrra úr 9. bekk.

Fjórar kennslustundir féllu niður á skólaárinu 2019-2020 í 7., 8., 9. og 10. bekk, þó ekki vegna Covid-19.

Starfsmenn Djúpavogsskóla eru 29. Stjórnendur eru tveir, skólastjóri sem tók við skólastjórastöðunni í haust en hafði áður verið aðstoðarskólastjóri í fjögur ár, og aðstoðarskólastjóri. Aðstoðarskólastjóri sinnir einnig kennslu.

Við kennslu starfa 19, þar af eru fimm kennarar með réttindi en leiðbeinendur eru 14. Þar af eru 12 með framhaldsmenntun í iðn- eða háskólagrein og tveir af þeim í kennaranámi. Aðeins fimm af þeim sem starfa við kennslu eru í 100% starfi við skólann og sjö eru í 50% eða lægra starfshlutfalli.

Við skólann starfa einnig námsráðgjafi og þroskaþjálfari.

Lengd viðvera er rekin við skólann sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn annars starfsmanns.

Upplýsingar vegna Covid-19

Skólanum var aldrei lokað vegna Covid-19 en það var auka starfsdagur.

Dagleg kennsla var skert í 23 daga, af þeim 23 dögum voru 19 í blöndu af fjar- og staðnámi. Nemendur mættu í skólann að hluta og voru í fjarnámi að heiman þess á milli en alltaf „online“ með kennara. Bóklegt nám hélst því en list- og verkgreinar, íþróttir og sund féllu niður. Nemendur fengu þó útivist og hreyfingu utandyra.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár. Stefna skólans er gerð skil í skólanámskrá og er hún í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins 2019-2023. Starfshópur á vegum Djúpavogshrepps vann að þeirri skólastefnu. Leitað var álits starfsfólks og foreldrafélags við þá vinnu með spurningakönnunum. Vorið 2019 var starfsfólki skólanna og foreldrum kynnt drög að nýrri skólastefnu og fengu tækifæri til að koma með ábendingar sem brugðist var við.

Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólasamfélaginu og lögð er áhersla á það jákvæða í skólastarfi.

Skólanámskrá 2020-2021 er á heimasíðu skólans og uppfyllir í meginatriðum viðmið aðalnámskrár. Starfsáætlun 2019-2020 er greinargóð, aðgengileg á heimasíðu skólans og inniheldur flesta þá þætti sem þar eiga að vera.

Stefnu sveitarfélagsins eru gerð skýr skil í skólanámskrá og starfsáætlun. Í viðtölum við stjórnendur og kennara kom fram að þeir þekkja vel stefnu sveitarfélagsins og komu að mótun á stefnu skólans í kjölfar stefnumótunar sveitarfélagsins.

Fram kom í viðtölum við kennara, foreldra og skólaráð að skipulagt samráð um innra starf skólans sé ekki haft við alla hagsmunaaðila, frekar sé um að ræða kynningu á skólastarfinu eða óformlegar samræður við foreldra, nemendur og skólaráð.

Fram kemur í skólanámskrá, starfsáætlun og sjálfsmatsskýrslu 2019-2020 að meginatriði í skólastefnu og starfsemi skólans eru endurskoðuð reglulega.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfspróun starfsmanna innan og utan skóla og eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsmanna. Stjórnandi hefur yfirlit yfir símenntun starfsmanna. Símenntunaráætlun er til staðar í starfsáætlun þar sem fram koma helstu áherslupættir skólans sem og einstaklingsbundnar forsendur til starfspróunar.

Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu. Fundaáætlun skólaársins fyrir kennara- og starfsmannafundi má finna í starfsáætlun. Vikulega eru einnig fastir fundir þar sem fagleg umræða og ígrundun um nám og kennslu fer fram auk starfspróunar kennara.

Fram kom í viðtölum við stjórnendur og kennara að unnið er með niðurstöður kannana og skimana svo sem Skólapúls, Byrjendalæsi, lesferils og samræmdra prófa auk kannana og prófa til að fylgjast með framförum nemenda. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að skólinn hefur aðgang að ráðgjöf og

þjónustu frá Skólaskrifstofu Austurlands. Auk þess hefur skólinn aðkomu að Austurlandslíkaninu sem er þverfaglegt samstarf félagsþjónustu, heilsugæslu og skóla á Austurlandi.

Í viðtölum kom fram að starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild þar sem hreinskilni, virðing og góð samskipti einkenna starfsmannahópinn. Starfsmenn telja einnig að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í starfi skólans.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur vinna að því að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrafélagssamfélagið, bæði formleg og óformleg. Reglulegir fundir eru með foreldrafélaginu, fundargerðir skráðar en ekki birtar. Lögð er áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum. Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu, aðallega með vikupóstum frá kennurum og stjórnendum. Formlegar samskiptaleiðir við foreldra og hlutverk þeirra eru skráðar í starfsáætlun.

Foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2020 sýnir að ánægja foreldra með stjórnun skólans hafði aukist töluvert, er 97% og mælist 4,6% yfir landsmeðaltali. Matsmenn Menntamálastofnunar lögðu rafræna könnun fyrir foreldra í tengslum við ytra matið. Ekki var hægt að kalla til rýnihóp foreldra vegna sóttvarnarráðstafana en rætt var við formann foreldrafélagsins.

Foreldrar 44 barna af 90 í Djúpavogsskóla svöruðu könnuninni, svarhlutfall foreldra var tæplega 49%. Þar kemur fram að um 74% foreldra eru ánægðir með stjórnun skólans. Fram kemur að um 77% foreldra eru ánægðir með skólann og starfið þar í heildina litið.

Þegar foreldrar eru spurðir í Skólapúlsi vorið 2020 um hvort leitað sé eftir tillögum þeirra og hugmyndum þá eru 66% mjög eða frekar sammála því. Um 89% foreldra telja að ábendingar þeirra séu teknar til greina. Þarna hefur orðið jákvæð breyting um 8,6% á milli ára og mælist yfir landsmeðaltali eða 5,7%. Þar kemur einnig fram að um 14% foreldra vilja hafa meiri áhrif á stjórnun og stefnumótun skólans. Einnig vilja þeir hafa meiri áhrif á áherslu á námsgreinar, agamál, val á náms- og kennsluáferðum og foreldrasamskipti.

Í foreldrakönnun vegna ytra matsins í október 2020 kemur fram að um þriðjungur foreldra er mjög eða frekar sammála því að leitað sé eftir tillögum þeirra og hugmyndum og um þriðjungur svara hvorki né en um 43% foreldra eru frekar eða mjög ósammála þessari fullyrðingu. Um 66% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að ábendingum þeirra sé vel tekið, 23% foreldra svara hvorki né og 11% eru frekar eða mjög ósammála. Í könnuninni er leitað áhlits foreldra á því hvernig skólinn geti leitað eftir þeirra sýn og hugmyndum til að efla skólastarfið. Þar nefna foreldra meðal annars betri kynningarfundir, vinnufundi, rýnihópa foreldra, hugmyndabanka á heimasíðu, reglulegar viðhorfakannanir og námskeið fyrir foreldra, til dæmis um uppeldismál.

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum hefur aukist lítillega á milli ára í Skólapúlsi, er 86% og aðeins fyrir ofan landsmeðaltal. Meirihluti foreldra telja að verkefni sem barnið þeirra fær í skólanum séu hæfileg og tæplega þriðjungur telur að kennarinn leiti eftir þeirra tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barn þeirra. Foreldrakönnun Menntamálastofnunar sýnir að um 80% foreldra telja að skólinn mæti námsþörfum barna sinna vel og að kennarar fylgist reglulega með námi þeirra.

Fram kemur í könnun Skólapúlsins að ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum hefur aukist umtalsvert á milli ára, eða um 20%, en er enn þá töluvert undir landsmeðaltali eða -9,5%. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum hefur aukist umtalsvert á milli ára, eða 17,5%.

Enn er skólinn þó langt undir meðaltali á landsvísu eða -17,7%. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans hefur aukist um 6,3% á milli ára en er enn undir landsmeðaltali eða -4%.

Skólaráð er starfandi við skólann en fram kom í viðtölum við fulltrúa í skólaráði að það var ekki virkt skólaárið 2019-2020. Starfs- og fundaáætlun skólaráðs liggur ekki fyrir og opnir fundir skólaráðs um skólamál fyrir skólasamfélagið hafa ekki verið haldnir.

Fram kemur í starfsáætlun og í viðtölum við stjórnendur og kennara að það eru markviss samskipti við önnur skólastig, félagsstarf unglinga og grenndarsamfélag. Sem dæmi um samstarfsverkefni við grenndarsamfélagið er samstarf við frystihúsið, Gautavík, skógræktina, laxeldisbátinn og starfskynningar. Frístundastarfið, lengd viðvera fyrir 1.-3. bekk, er hluti af starfi skólans og undir stjórn skólastjórnanda.

Foreldrafélag skólans fékk foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2020 fyrir starfs sitt, en foreldrafélagið vinnur með nemendum að því að auka endurvinnslu í heimabyggð með nytjamarkaðnum Notó og fer ágóði af markaðnum í að efla skólastarf á ýmsan hátt.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta. Í sjálfsmatskýrslu skólans 2019-2020 er ítarleg umfjöllun um niðurstöður Skólapúlsins og tillögur til umbóta í hverjum þætti.

Fram kom í viðtölum við kennara að það fari fram rýni og umræða um niðurstöður Skólapúls, Lesferils, samræmdra könnunarprófa o.fl. á kennarafundum. Ekki er að finna skráð verklag um það hvernig gögn um árangur og líðan (kannanir og skimanir) eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda. Þá vantar einnig skráð ferli er snýr að því að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.

Þróunarverkefni skólans eru meðal annars Cittaslow hugmyndafræðin sem unnin er út frá stefnu sveitarfélagsins, Uppeldi til ábyrgðar, Skóli á grænni grein, heilsueflandi grunnskóli, teymiskennsla og Byrjendalæsi. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og bættur námsárangur eru þróunarverkefni sem unnin eru í samvinnu við aðra skóla á Austurlandi.

Skólaárið 2019-2020 var einnig unnið að því að setja allar greinanámskrár í Mentor, innleiða Office 365 pakkann, þróa teymiskennslu og vinna að stefnumótun út frá niðurstöðum sjálfsmats síðustu ára. Skólinn setti sér gildi og mótaði framtíðarsýn til 2023 í takt við skólastefnu sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir viðeigandi starfsþróun kennara í símenntunaráætlun hvað varðar þróunarverkefni, stefnu skólans og niðurstöður innra mats.

Þróunarvinna, umbætur og innleiðing breytinga eru til staðar en óljóst er hvernig verklagi er háttað þar sem það er ekki opinbert hvernig gögn eru nýtt, ekki skráðar fundargerðir eða skráð hvernig upplýsingum er komið á framfæri og samstarfi er háttað við nemendur, foreldra og hagsmunaaðila.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Allar helstu upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu sem er nýuppfærð og mjög aðgengileg. Síðan er enn í vinnslu og þar má meðal annars finna fréttir og vikupósta frá skólastjórnendum á íslensku, ensku og pólsku. Fram kom að foreldrar skoða aðallega vikupósta frá skólastjóra og kennurum.

Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og kemur það meðal annars fram í starfsmannakönnun og foreldrakönnun Skólapúlsins sem gerðar voru í mars 2020. Þar kemur fram að flest allir þættir sem lúta að stjórnun skólans sýna jákvæð viðhorf.

Skólareglur ásamt viðurlögum við brotum á þeim eru til staðar á heimasíðu skólans. Nemendur og starfsmenn hafa komið að gerð þeirra að hluta til. Þær voru endurskoðaðar og einfaldaðar 2019 af skólastjóra. Það eru einnig bekkjarsáttmálar í anda uppbyggingarstefnunnar. Fram kom í foreldrakönnun vegna ytra matsins að 84% foreldra sem svara könnuninni telja eð ekki hafi verið leitað eftir þeirra sjónarmiðum við endurskoðun skólareglna.

Stjórnendur stuðla að heilbrigðu og öruggu umhverfi í skólanum. Nemendum hefur verið kynnt netöryggi. Fram kom í viðtali við skólastjórnanda að fylgst sé reglulega með að aðbúnaður sé öruggur. Starfsmenn og verktakar sem koma í einstök verk skrifa undir skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Fram kemur í viðtölum að starfsmenn eru í meginatriðum sáttir við hvernig daglegt starf er skipulagt. Kennarar vinna saman í teyllum á þremur stigum. Verið er að vinna samkvæmt stefnu sveitarfélagsins um innleiðingu Cittaslow hugmyndafræðinnar og kemur það fram í starfsmannahandbók. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn telja sig vita hvert á að leita við lausn ágreiningsmála ef til þess kæmi en ekki er til skráð ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsmanna.

Fram kemur í starfsáætlun skólans að það er starfandi nemendafélag í grunnskólanum sem skipað er fulltrúum úr 8.-10. bekk. Hlutverk þess er meðal annars að gæta að hagsmunum nemenda í skólanum og að skipuleggja félagsstarfið í samstarfi við félagsmiðstöð. Tveir fulltrúar nemenda sitja í skólaráði.

Ekki er búið að uppfæra upplýsingar á heimasíðu skólans um hvar nemendur eiga aðkomu að ráðum og nefndum né hverjir eru í stjórn félagsins eða skólaráði.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta. Verkaskipting stjórnenda er skráð og kemur fram í skipuriti í starfsáætlun skólans. Stjórnendur skólans eru báðir í nýjum hlutverkum á þessu skólaári. Reglulegir fundir þeirra eru ekki enn til staðar en þeir deila skrifstofu og miðla upplýsingum sín á milli á óformlegan hátt. Starfslýsingar nær allra starfa liggja fyrir.

Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið. Kennarar vinna saman í teyllum á stigum sem eru 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur og 8.-9. bekkur.

Stjórnendur fylgjast óformlega með störfum allra starfsmanna en ekki er fylgst reglulega með námi og kennslu eða veitt formleg endurgjöf á störf kennara og annarra starfsmanna. Fram kom í máli stjórnenda að þeir komi inn á teymisfundi til að fylgjast með og veita ráðgjöf.

Fundaáætlun sem nær til allra starfsmanna er til staðar. Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári við starfsmenn.

Fram kemur í viðtölum við kennara og starfsmenn og í starfsmannkönnun Skólapúlsins sem gerð var í mars 2020 að starfsmenn upplifa töluverða hvatningu, hrós og stuðning frá stjórnendum og samstarfsmönnum. Einnig kemur fram að starfsandi, stuðningur, sanngjörn og valdeflandi forysta og ræktun mannauðs eru allt þættir sem eru vel yfir landsmeðaltali í niðurstöðum.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin fagþekkingu og hvetur aðra til starfsþróunar. Mannauður er vel nýttur og starfmenn bera ábyrgð á ákveðnum verkefnum.

Verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra eru ekki skráðir í starfsáætlun eða skólanámskrá.

Fram kemur í könnun Skólalámskrá og í viðtölum við kennara og starfsmenn að þeir upplifa traust og hafi möguleika og tækifæri til að bera ábyrgð á verkefnum. Um 86% starfsmanna telja að þeir séu hvattir til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum.

Fram kemur í starfsmannakönnun Skólalámskrá í mars 2020 að 94% starfsmanna telja að stjórnendum sé umhugað um heilsufar og velferð starfsfólks. Starfsmenn nefna að þeir hafi átt kost á handleiðslu og fengið hvatningu til huga að heilsu og hreyfingu.

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun skólans eru opinberar og uppfylla viðmið aðalnámskrár.
- Stefna skólans og sveitarfélagsins eru sýnileg í skólastarfinu.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.
- Litið á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Starfsmannahandbók er vel útfærð.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru jákvæð og markviss.
- Fréttabréf og vikupóstar eru á íslensku, ensku og pólsku.
- Starfsþróunarsamtöl eru árleg og starfsmenn fá svigrúm til starfsþróunar.
- Þróunarvinna, umbætur og innleiðing breytinga er mikilvægur þáttur í starfi skólans.
- Kannanir og skimanir eru nýttar markvisst til að efla nám og líðan nemenda og til þróunar skólastarfsins.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.

Tækifæri til umbóta

- Auka hlutfall réttindakennara í kennslu.
- Ljúka við að uppfæra nýja heimasíðu skólans með öllum nauðsynlegum upplýsingum.
- Skrá verklag um á hvern hátt gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt í námi og kennslu.
- Kennarar geri skólastjórnanda grein fyrir með reglubundnum hætti á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Leita leiða til að gera foreldra að þátttakendum í mikilvægum ákvarðanatökum um þróun og skipulag skólastarfsins.
- Huga að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans samkvæmt reglugerð þar um.
- Skrá fundargerðir þróunarteyma og gera þær sýnilegar og opinberar.
- Skrá verklag vegna mála er varða samskiptavanda milli starfsmanna og upplýsa formlega um leiðir til úrlausnar.
- Birta á heimasíðu upplýsingar um nemendafélagið, stjórn og starfsáætlun.
- Móta verklag fyrir nemendur sem sitja í nefndum og ráðum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.

Páttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í störfum skólans. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í skólanum í heild. Einnig er getið um lykilhæfni í skólanámskrá en ekki í áætlunum um nám og kennslu. Unnið er að gerð greinanámskráa þar sem fram kemur samfella í námi nemenda frá 1.-10. bekkjar og tengt hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Umfjöllun um námsmat er í skólanámskrá.

Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda. Stuðningur við nemendur er fjölbreyttur og fer að jafnaði fram í námsaðstæðum nemenda en einnig fer einstaklings- og lestrarþjálfun fram í rými bókasafnsins. Rökstudd einstaklingsnámskrá er unnin fyrir nemendur sem þess þurfa.


2.2 Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri og framförum nemenda og hann skráður. Niðurstöður kannana og námsmats eru nýttar og sett er fram stefna um að auka árangur í greinargerð um innra mat. Viðmið um árangur eru sett fram í starfsáætlun. Meirihluta foreldra sem svöruðu foreldrakönnun telja barnið sitt hvatt til að leggja sig fram í náminu og fá nægilegar áskoranir. Um fjórðungur foreldra telur þó barnið sitt ekki taka stöðugum framförum í náminu og þriðjungur foreldra telur sig ekki fá reglulega góðar upplýsingar um námsárangur barnsins.

Samræmd könnunarpróf


Skólinn birtir ekki greiningu á niðurstöðum samræmdra prófa í skýrslum sínum. Þegar færri en tíu nemendur eru í einhverjum árgangi má ekki birta árlegar niðurstöður en þá er uppsafnaður árangur árganga skólans birtur. Þannig er unnið úr samræmdum könnunarprófum í þessari skýrslu um Djúpavogsskóla.

Uppsafnaður árangur 4. bekkjar í íslensku og stærðfræði fylgist nokkuð vel að. Árangur á báðum fögum sveiflast frá að vera um landsmeðaltal í að vera nokkuð undir. Myndin sýnir slakan uppsafnaðan árangur 2017-2019, en við nánari greiningu árganga sést að árangur nemenda í íslensku og stærðfræði hefur verið að eflast undanfarið ár.




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnaður árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði hefur verið um eða yfir landsmeðaltali frá 2008 og er yfir landsmeðaltali þegar 2017-2019 er reiknað saman. Árangur greinanna fylgist vel að þar til árangur á stærðfræði fer verulega yfir landsmeðaltalið á punkti fyrir árin 2017-2019.



Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Niðurstöður um árangur 9. bekkjar er hægt að birta uppsafnað frá 2017. Þar kemur fram að árangur í íslensku og ensku er nokkuð undir landsmeðaltali, en árangur í stærðfræði er verulega undir landsmeðaltali.



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Framfarir árganga

Þegar árangri árganga er fylgt eins og hann birtist á samræmdum könnunarprófum sést að hann eflist yfirleitt milli 4. og 7. bekkjar og helst síðan nokkuð jafn.

Lesferill

Skólinn nýtir matstækið Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Meðallesfimi elstu tveggja árganga skólans er um meðaltal sömu árganga landsins en aðrir árgangar eru undir meðaltalinu.

Skólapúlsinn

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. 20 matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Svör nemenda skólans síðasta vor eru marktækt undir svörum annarra nemenda sem taka þátt á 13 af þessum 20 þáttum, þar af eru þættir sem snúa að virkni í námi. Það er ánægja og áhugi á námi og trú á sig sem námsmenn sem er áberandi minni en nemenda sambærilegra skóla. Greinargóðar upplýsingar og úrvinnsla úr Skólapúlsinum er í skýrslu um innra mat sem út kom í júní 2020.

Samantekt á svörum nemenda um líðan og heilsu sýnir að nemendur skólans eru almennt á pari við nemendur sambærilegra skóla, einelti er að mati nemenda minna en hjá sambærilegum skólum og nemendur skólans segjast hreyfa sig meira en fram kemur hjá öðrum nemendum sem svara.


2.3 Gæði kennslu

Matsmenn voru í 15 kennslustundum hjá flestum kennum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundanna voru metnar góðar. Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans. Í vettvangsathugunum kom fram að nýting á kennslutíma er almennt góð. Viðmið um þann árangur sem stefnt er að í námi og kennslu koma ekki fram í áætlunun né er getið í kennslustundum. Áætlanir kennslustunda sem metnar voru lágu ekki frammi við matið.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að

útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á fumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Á vettvangi sáu matsmenn aðallega fræðandi kennslustundir eða í 73% af þeim stundum sem voru metnar. Blanda af fræðandi og leiðbeinandi kennslustundir voru 20% af metnum kennslustundum og 7% var metið leiðbeinandi (sjá mynd 4).



Mynd 4. Kennsluáherslur

Af þessu sést að meginhluti kennsluáðferða voru á þann hátt að nemendur unnu verkefni og kennari var að spyrja, útskýra og sýna. Lítið var um að nemendur væru að vinna opin verkefni eða að námi sem þeir höfðu skipulögð áhrif á.

Matsmenn fengu dæmi um kennsluáætlanir þar sem fram koma tengsl hæfniviðmiða og verkefna, kennsluhættir og námsmat, það er hvernig meta eigi, ekki viðmið um árangur.

Að sögn kennara og nemenda sjá nemendur hæfnimarkmið tengd námi í Mentor, en í meirihluta þeirra stunda sem matsmenn heimsóttu var nemendum ekki gerð grein fyrir markmiðum stundarinnar né hæfniviðmiðum sem unnið er með í stundinni.

2.4 Skipulag náms

Kennarar eru að þróa samvinnu í teyimum við skipulag náms og kennslu á yngsta mið- og unglingastigi. Kennarar í rýnihópi nefna að ákvörðun um teymiskennslu hafi verið tekin af fyrrverandi stjórnanda sem mun halda utan um handleiðslu við innleiðinguna auk þess sem skólinn er í samstarfi við sérfræðing sem vinnur með grunnskólanum í Hornafirði þar sem einnig er verið að innleiða teymisvinnu kennara. Kennarateymin voru á sínum fyrstu samstarfsvikum þegar matið fór fram.

Teymin bera mikla ábyrgð, meðal annars hafa þau ákveðna ábyrgð vegna nemenda með sérþarfir undir handleiðslu aðstoðarskólalastjóra sem ber ábyrgð á stoðþjónustunni. Skipulag náms í upplýsingatækni í höndum teymanna en áður var upplýsingatækni kennari. Einnig skipulögðu teymin stundaskrárnar fyrir veturinn að sögn stjórnenda.

Kennt er í þremur tímabeltum, að sögn skólustjóra til að hægt sé að skipta nemendahópnum í frímínútum og hádegismat. Að sögn kennara er erfitt að starfa með þrjú tímabelti við skólann. Allt skipulag verður flóknara með svona mörg tímabelti í ekki stærri skóla, svo sem að taka að sér forföll eða samnýta kennara milli skólastiga.

Fjöldi í námshópum í metnum kennslustundum var milli fimm og 14 nemendur á kennara utan í einum tíma þar sem voru 19 nemendur en þar voru að auki tveir fullorðnir til stuðnings.


Fjórir kennarar sjá um meginhluta bóklegrar kennslu á unglíngastigi. Alla jafna eru tveir kennarar við kennslu í námshópnum, annað hvort saman með öllum þremur árgöngum saman (23 nemendur) eða hópnum er skipt í tvennt.

Samkvæmt stundaskrá sem matsmenn fengu þegar matið fór fram er námstími nemenda yfir viðmiðunarstundaskrá hjá unglíngastigi það er 8.-10. bekk sem nemur einni kennslustund á viku hjá hverjum ágangi. Tímar í íslensku, erlendum tungumálum og list- og verkgreinum eru fleiri en gert er ráð fyrir en val nemenda er verulega undir viðmiðum aðalnámskrár, er fjórar kennslustundir á viku en á að vera 7-8 kennslustundir á viku. Hjá miðstiginu, það er 5.-7. bekk, er námstími um einni kennslustund undir viðmiðum sem birtist í að tími ætlaður list- og verkgreinum er einni vikustund minni en viðmið segja. Námstími nemenda yngsta stigs er einni kennslustund lengri en viðmið segja til um en þar skortir þó á að skilgreindir list- og verkgreinatímar nái viðmiðum. Að sögn skólustjóra er þessi stundaskrá til níu vikna og er teymum ætlað að sjá til þess að skipuleggja námstíma nemenda í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár en hafa til þess svigrúm á ákveðnum tímabilum.

Þessi samantekt sýnir að nemendur fá að jafnaði þann kennslustundafjölda sem þeim ber yfir námstíma sinn þessi tíu ár sem grunnskólinn tekur. Val nemenda á unglíngastigi er mikið undir viðmiðum en verið getur að val nemenda sé þarna bundið í list- og verkgreinatímum sem eru verulega yfir viðmiðum á því stigi. Enda er kveðið á um að um helmingur vals nemenda sé tengt list- og verkgreinum. Í skipulagi Djúpvogsskóla hafa nemendur ekki sjálfir þetta val. Upplýsinga- og tæknimennt er samþætt öllum námsgreinum.

Þar sem kennarar vinna saman í teymum, samkennsla árganga er og samþætting námsgreina er viðhöfð getur viðmiðunarstundaskrá riðlast að hluta. Mikilvægt er þó að þegar verið er að skipuleggja nám og kennslu að hafa heildina í námstækifærum nemenda í huga.

Í matinu eru kennslustundir einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í kennslustundum á vettvangi unnu nemendur einstaklingslega við nám í 67% kennslustunda. Skipulögð samvinna við nám var í 20% kennslustunda og í 13% kennslustunda mátti sjá blöndu af þessum tveimur aðferðum (sjá mynd 5.)



Mynd 5. Námsaðstæður

Nemendur nýttu upplýsingatækni við nám í 27% metinna kennslustunda og kennarar í 13%. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Stigsteymin sjá nú um upplýsingatæknikennslu sem er nýtt í vetur.

Í samtali við kennara kom fram að það hindri aðeins notkunina að það þurfi að skipuleggja samnýtingu tækjanna, ekki sé hægt að sækja sér tæki þegar þarf og einnig segja þeir að það fari alltaf einhver tími í alls konar tæknierfiðleika. Nemendur skólans fá útlánskort á bókasafnið sem er opið fyrir hádegi alla skóladaga. Nemendur geta fengið aðgang að rafbókasafni í gegnum skólabókasafnið.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt virkir í þeim kennslustundum sem matsmenn sáu. Þegar nemendur í rýnihópi voru spurðir hvort þeir fengju að ráða hvaða og hvernig verkefni þeir ynnu eða velja hvernig þeir skiluðu verkefnum töldu þeir það ekki mikið, nefndu að þau fái það að einhverju marki í unglingsdeildinni og þar er líka smávegis val, sögðu nemendur. Í vettvangsathugunum sáu matsmenn ekki að unnið væri með áhugasvið nemenda.

Nemendur í rýnihópi sögðu að þeir væru með áætlun í sumum fögum. Þeir könnuðust ekki við að hafa séð eða heyrt um markmið í náminu en unglingsarnir töldu sig hafa heyrt um hæfniviðmið. Hjá kennurum kom fram að í vetur verður farið að vinna með að nemendur setji sér markmið í nemendasamtölum. Eldri nemendur hafa tekið þátt í sjálfsmati.

Mat á námi sínu fá nemendur að eigin sögn tvisvar á ári. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir námsmati og vitnisburðarkerfi skólans.

Í svörum nemenda á Skólápúlssi síðastliðið vor og í rýniviðtali ytra matsins kemur fram að nemendur telja sig ekki hafa mikið um skipulag náms að segja eða að á þau sé raunverulega hlustað. Nemendur upplifa sig ekki sem gerendur með áhrif í lífi sínu tengt skólanum. Þetta endurspeglast í áhuga og ánægju af námi og trú á eigin getu og möguleikum, þar sem nemendur eru undir landsmeðaltali.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu að mati viðmælenda í rýnihópum. Matsmenn sáu góð samskipti í nemendahópnum á vettvangi. Nemendur kannast við að sjónarmiða þeirra sé aflað með könnunum í Skólapúlsi og líðankönnun. Nemendur taka þátt í nemendaráði, umhverfisráði og skólaráði. Hver bekkur gerir sér bekkjarsáttmála og stefnt er að vikulegum bekkjarfundum eins og gert er ráð fyrir í samskiptastefnunni Uppeldi til ábyrgðar sem skólinn hefur að leiðarljósi og er að innleiða.

Við skólann starfa tveir pólskumælandi kennarar. Að sögn stjórnenda hefur það mjög mikið að segja fyrir líðan, þátttöku og nám nemenda með pólsku sem móðurmál að geta leitað til þeirra vegna námsins eða samskipta.

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð.
- Samfelldar greinanámskrár sem ná frá 1.-10. bekkjar eru í vinnslu.
- Í greinanámskrám er getið er um sérstök áhersluatriði skólans.
- Stuðningur fer að jafnaði fram innan námshóps.
- Skólinn viðheldur og stuðlar að vellíðan nemenda.
- Einelti er undir meðaltali Skólapúlsins og fer minnkandi að sögn nemenda.
- Góður árangur hefur verið hjá 7. bekk undanfarið á samræmdum könnunarprófum.
- Verið er að þróa teymisvinnu við skólann.
- Nemendur eru virkir í tímum.
- Bókasafn er opið daglega og hafa nemendur greiðan aðgang að því.
- Markvisst er leitað upplýsinga um líðan nemenda.
- Við skólann eru menntaðir pólskumælandi kennarar sem koma að námi og samskiptum við nemendur með pólsku sem móðurmál.

Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að val nemenda á elsta stigi uppfylli viðmið gildandi aðalnámskrár þegar heildartími hvers skólaárs er tekinn saman.
- Tengja vinnu með grunnþætti og lykilhæfni menntunar betur inn í greinanámskrár og kennsluáætlanir.
- Efla þarf virkni nemenda í námi og trú þeirra á eigin getu til náms.
- Nýta heildarniðurstöður sem skólinn fær á samræmdum könnunarprófum markvisst til að efla árangur.
- Greina slakan árangur í stærðfræði á unglingsstigi og bregðast við.
- Tengja betur markmið sem stefnt er að við nám og kennslu sem fram hverju sinni.
- Efla enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum með áherslu á virkni og þátttöku nemenda.
- Huga að því að setja teyrum ekki of viðmikil hlutverk meðan verið er að innleiða vinnubrögðin.
- Greina heildrænt kosti og galla þess að vera með mörg tímabelti í skólanum.
- Efla þarf lesfimi nemenda hjá flestum árgöngum.
- Auka markvist samvinnu og samstarf nemenda í námi.
- Huga að leiðum til að auðvelda nýtingu og aðgengi kennara að tækjakosti.
- Kynna nemendum betur markmið náms og tengsl hæfniviðmiða og matsviðmiða við námsmat.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu. Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Fyrir liggur áætlun um innra mat til skemmri og lengri tíma fyrir skólaárin 2019-2023.

Skólastefna sveitarfélagsins gildir einnig fyrir skólaárin 2019-2023, þar koma fram markmið, leiðir og tímasett áætlun um hverjir beri ábyrgð á innleiðingu markmiða og leiða. Ekki kemur fram hvernig eða hverjir komi að mati á þeim markmiðum sem sett hafa verið.

Innra mat skólans er leitt af skólastjóra. Unnið er eftir sjálfsmatsáætlun sem uppfærð er reglulega. Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020 liggur fyrir og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Þar er ítarleg umfjöllun um niðurstöður Skólapúlsins ásamt tillögum til umbóta. Sjálfsmatsskýrslan er kynnt fræðslunefnd og sveitarstjórn.

Val á matsþáttum byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum. Skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að eru ekki sett fram.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla eru metin óformlega og eru hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir þó fyrst og fremst á niðurstöðum úr viðhorfakönnunum Skólapúlsins. Ekki kemur fram hvernig árangur á samræmdum könnunarprófum eða Lesferlisniðurstöður eru nýttar á formlegan hátt.

Áætlun sem byggir á innra mati skóla og skólastefnu Djúpavogshrepps er til staðar sem óopinbert vinnuskjal sem á að vera í sífelldri mótun. Þar koma fram verkefni, hverjir beri ábyrgð, þátttakendur, mat, tímasetningar og hver staða verkefna er. Þetta skjal á að vera uppfært reglulega og vera opinbert.

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda. Fram kemur á heimasíðu að innra mat sé unnið í samvinnu við sjálfsmatshóp ekki kemur fram á heimasíðu eða í skýrslum skólans hvaða aðilar eru í þeim hópi. Niðurstöður innra mats eru ræddar og rýndar á starfsmannafundum. Aðrir hagsmunaaðilar svo sem nemendur og foreldrar hafa ekki bein áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.

3.3 Umbætur

Samkvæmt áætlun skólans um umbætur og þróunarstarf er byggt á innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins. Í sjálfsmatsskýrslu 2019-2020 er gerð grein fyrir framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum til umbóta.

Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar á starfsmannafundum og þar eiga sér jafnframt stað samræður um þróun og umbætur. Samkvæmt viðtölum við starfsmenn, nemendur, foreldra og fulltrúa skólaráðs hafa þeir ekki aðkomu að úrvinnslu innra mats og umbótaáætlanagerð.

Brugðist er við niðurstöðum þegar umbóta er þörf þó að þær snúi ekki beint að því sem fram kemur í innramatsáætlun.

Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Fyrir liggur langtímaáætlun um innra mat og umbætur.
- Ítarleg umfjöllun um niðurstöður kannana Skólapúl síns er að finna í sjálfsmatskýrslu.

Tækifæri til umbóta

- Vinna að því að formgera innra mat skólans á markvissan hátt þar sem nýttar eru fjölbreyttar gagnaöflunarleiðir bæði eigindlegar sem megindelegar.
- Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.